

Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherra
Umhverfs- orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2022

Efni: Samningur Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og veiðafæragerðir

Ágæti ráðherra

Vísað er í bréf ráðuneytisins frá 23. febrúar síðastliðin.

Það er miður að ráðuneytið þitt hafi ætlað sér svo langan tíma til að svara erindi Landverndar frá 13. desember 2021. Útskýring ráðuneytisins á þessu tómlæti eru því miður ekki trúverðug. Traust og trúverðugleiki er grundvöllur góðra samskipta.

Með þessu bréfi óskar Landvernda upplýsinga um eftirfarandi atriði:

1. Hefur sá samningur sem hefur verið í gild er milli framangreindar aðila undanfarin ár, eða frá 2005, skilað tilætluðum árangri með tilliti til mælanlegra viðmiða svo sem hlutfall skila, magn sem fer til endurvinnslu og magn veiðarfæra sem finnst í hafi og við strandir landsins.
2. Nær samningurinn til allra innlendra aðila sem stunda fiskveiðar við Ísland og nota til þess veiðarfæri sem innihalda plast.
3. Ef svarið við spurningu 2 er nei; hafa verið innleiddir fjárhagslegir hvata til að tryggja að þeir aðilar sem standa utan samnings standi í skilum á veiðifæraúrgangi sem ekki inniheldur plast.
4. Tók fulltrúi SFS í stjórn Úrvinnslusjóðs þátt í undirbúningi og ákvörðun um að gerð framangreindan samning.
5. Hvers vegna er farin sú leið sem tilgreind er í samningnum; er hún talin skilvirkari hefðbundin leið; að leggja úrvinnslugjald á veiðarfæri og nýta gjaldið sem hvata og til að greiða fyrir þjónustu vegna til söfnunar og endurvinnslu.

Auk þess viljum við vekja athygli á eftirfarandi atriðum í nýja samningum sem verður telja varhugverð í ljósi markmiða hans að efla hringrásarsamfélagið og draga úr plastmengun í hafi, sem hefur verið baráttumál Íslands mörg undanfarin ár og birtist skýr í [ræðu ráðherra á nýlegu umhverfisþingi Sameinuðu þjóðanna](#):

1. Samningurinn tilgreinir ekki hve mikil fjármagni SFS ber að verja til að skipuleggja söfnun og úrvinnslu. Eðlilegra hefði verið að fjárhæðin væri bundin við magn veiðarfæra.
2. Samningurinn segir ekki til um umfang fræðslu og upplýsingagjöf til notenda veiðarfæra, hvorki í vinnutímum né fjármagni. Eftirlit með þessum lið samningsins er því ill framkvæmanlegt.
3. Umsýslugjald fyrir eftirlit miðast við aðeins 40 klukkustundir en þó eru móttökustaðir út um allt á land, 12 að tölu skv. viðauka og eftirlitsverkefnið er tilgreint í 6 liðum. Það er ljóst að sá sem á að vinna þetta verk þarf að hafa afar hraðar hendur.

Að loku er minnt á umsögn Alþingis við ósk Neytendasamtakanna og Landverndar um að eiga aðild að stjórn Úrvinnslusjóðs. Þar segir m.a.:

"Meiri hlutinn beinir því þó til stjórnar Úrvinnslusjóðs að leita leiða til þess að eiga í góðu samráði við fulltrúar neytenda og umhverfissamtaka. Mikilvægt sé að þeir aðilar geti fylgt sjónarmiðum sínum eftir, t.d. á reglubundnum samráðsfundum með stjórn sjóðsins og eftir atvikum hagaðilum og sérfræðingum á sviðinu. Meiri hlutinn telur því jafnframt mikilvægt að samhliða því að komið verði á ríku samráði verði unnið að því að tryggja þessum fulltrúum áheyrnaraðild að stjórninni og beinir því til stjórnar sjóðsins og ráðuneytis að kanna möguleika á því.»

Í þessu tilmælum er vísað til ráðuneytisins og samtökin bíða svar við þessari málaleitan þingsins.

Með vinsemd og von um skjót svör ráðuneytisins,

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar
Tryggvi Felixson,

Afrit:

Magnús Jóhannesson, formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna